

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 25. janúar 1999

um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar léttu, samsetta bita og súlur, unnin úr viði(*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 116)

(1999/92/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórn-sýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingavörur (¹), eins og henni var breytt með tilskipun 93/68/EBE (²), einkum 4. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og ætíð velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju, sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum sem varða viðmiðanirnar í 4. mgr. 13. gr.

Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að skilgreina hugtakið vörur eða vöruflokkar eins og það er notað í umboðunum og tækniforskriftunum.

Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst itarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig þessum tveimur aðferðum skuli beitt að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar III. viðauka, og

aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti, með stöðugu eftirliti, í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara, sem eru tilgreindar í I. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandi starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

2. gr.

Í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki skal tiltekið hvaða aðferð skuli notuð til að staðfesta samræmi samkvæmt II. viðauka.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. janúar 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 49, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 40, 11. 2. 1989, bls. 12.

(²) Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Léttir, samsettir bitar og súlur, unnin úr viði (þar með taldir T-bitar, þ.e. bitar og plötur, tengd saman):

— til nota í byggingar.

II. VIÐAUKI

STAÐFESTING Á SAMRÆMI

VÖRUFLOKKUR

LÉTTIR, SAMSETTIR BITAR OG SÚLUR, UNNIN ÚR VIÐI (1/1)**1. Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Evrópusamtök um tæknisamþykki (EOTA) eru beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki fyrir þær vörur og þau áformuðu not sem getið er hér á eftir:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (brunaviðbrögð) (brunaþol)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Léttir, samsettir bitar og súlur, unnin úr viði (þar með taldir T-bitar, þ.e. bitar og plötur, tengd saman)	til nota í byggingar	allir	1

1. kerfi: Sjá i-lið 2. þáttar III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika, þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnunum.